

---

# FORNLEIFAÚTTEKT Í LANDI TORFASTAÐA Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

---



LILJA LAUFHEY DAVÍÐSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2021

FS834-21041

---



*Forsíðumyndin er af skálalaga tóft ÁR-485:034\_01 á áður óþekktu bæjarstæði. Horft til suðvesturs með Ingólfsfjall í bakgrunni. Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands ses

2021

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður fornleifaúttektar sem gerð var í landi Torfastaða í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar á svæðinu. Alls voru skráðar sex fornminjar á þremur minjastöðum innan úttektarsvæðisins sem allar tengjast fornu, áður óþekktu býli. Allar fornleifarnar voru taldar vera í stórhættu vegna framkvæmdanna. Þær lenda að hluta eða að öllu leyti innan þriggja byggingarreita sunnarlega á úttektarsvæðinu og líklegt að þeim verði raskað sé miðað við óbreytt skipulag. Minjar um býli eru alla jafna talin hafa mjög mikið rannsóknargildi og til þess að varðveita minjaheildina á svæðinu telur skýrsluhöfundur besta kostinn í stöðunni að breyta skipulaginu á þann veg að byggingarreitir verði færðir út fyrir það svæði sem minjarnar eru á. Minjastofnun Íslands mun úrskurða um það hvort skipulagsáform geta staðið óbreytt og þá með hvaða skilyrðum og mótvægisáðgerðum.

*Efnisorð: Fornleifafraeði, fornleifaskráning, Suðurland, Grímsnes- og Grafningshreppur, fornt bæjarstaði*

## Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out within the farm Torfastaðir near lake Álftavatn in South Iceland in advance of a planned summerhouse development. A total of six archaeological remains were found within the area and they all seem to be in connection with a previously unknown farmstead. All the archaeological remains are in the southern part of the area and are considered at high risk of being affected by the construction. Old farmsteads are considered to have great research value and for this site it is important that the site as a whole is protected and preserved. It is therefore the opinion of the author of this report that it would be best if changes were made in the development plans so that the archaeology won't be affected. The Cultural Heritage Agency of Iceland (Minjastofnun Íslands) will make the final decision in the matter.

*Keywords: Archaeology, detailed survey, South Iceland, farmstead.*




## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf .....	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	12
4. Fornleifaskrá.....	16
5. Niðurstöður og samantekt .....	23
Heimildir .....	26
Viðauki I: Minjakort.....	27



## 1. Inngangur


Í byrjun árs 2021 fór landeigandi Torfastaða í Grímsnes- og Grafningshreppi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að hún tæki að sér skráningu fornleifa á skipulagsreit innan jarðarinnar þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð. Úttektarsvæðið sem um ræðir er 25 ha að stærð og er tæpum 600 m austan við bæjarstæði Torfastaða (mynd 1). Í suðurhluta úttektarsvæðisins er flatlent holt með vallendisgróðri, svokallað Vatnsholt. Á holtinu var áður ræktað tún en það er komið í órækt. Á norðurhluta úttektarsvæðisins er mýrlendi sem hefur verið ræst fram og breytt í tún. Túnin eru ekki lengur í notkun en í þeim sjást greinileg för og smágarðar eftir kílræsingu. Djúpir og breiðir skurðir eru á milli túnstykkianna.



Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu úttektarsvæðisins.

Aðalskráning fornleifa fór fram árið 1998 á Torfastöðum ásamt öðrum bæjum í Grafningi (sjá skýrslu FS069-98181) og var hún höfð að leiðarljósi við þessar fornleifaúttekt. Vettvangsathugun fór fram um miðjan febrúar 2021. Gengið var skipulega um svæðið, minjastaðir hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp. Um vettvangsvinnu, úrvinnslu, kortagerð og skýrslugerð sá Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingur. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skýrsluhöfundi en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um sögu fornleifaskráningar og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi og aðferðir Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf fornleifaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem reyndust innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast er heimildaskrá og minjakort.





## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um

menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til frekari rannsókna vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Séu fleiri en ein fornleif á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: ÁR-162:001\_01). Fornleifaskráin hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar Torfastaða, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því auðkennisnúmeri sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist

á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar teljast oftast í stórhættu ef þær eru þær sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og ef þær eru innan

áhrifasvæðis framkvæmda. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan svæðisins skilgreindir í stórhættu vegna framkvæmda þar sem ljóst er að þeim verður raskað ef ráðist verður í bygginga- og vegafamkvæmdir á svæðinu. Skálalaga tóft ÁR-485:034\_01 var að auki talin vera í stórhættu vegna rofs.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: **SK 106 017**

Númer fornleifar á tiltekinni jörð: **Sveinshlaða**


Sérheiti: **tóft**


Tegund: **útihús**

Hlutverk: **útihús**

Hnattstaða í landsnitakerfi ISN93: **A: 477680 N: 564450**

Sýslutákn





Skýringar

Fornleifar	Vísibænarlegu
Torflaðir	Úndatavörð
Kantur	Möllina

Útihús SK-106:017

Ljósmynd og uppmæling af minjastað

*Útihús 017, horft til ASA*

Í aðalskráningarskýrslu Bygðasafns Skagfirðinga frá 2004 segir: "Um 150 metra austur af núverandi hesthúsi, um 40 metrum vestan skurðar sem liggur neðan við brekkuna sem liggur frá gamla bæjarstæðinu eru tóftir útihúsa, hugsanlega hesthúss eða stekks. [...] Tóftin er tvískipt, hún er 7x10 metrar að utanmáli, mesta breidd veggja eru 2 metrar og mesta hæð 1 metri en veggir eru töluvert hrundir. Tóftin sem liggur norður/suður er algróin og sér hvergi í grjóti." Tóftin er 110 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 120 m austan við hesthús Stíganda. Hún er rúmum 70 m suðaustan við miðlinu þess úttektarsvæðis sem tekið var út fyrir Rarik haustið 2020 og því 55 m utan svæðis.

Stórþýft holt, grasi vaxið. Tóftin er 12 x 8.5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á þeim 16 árum sem liðin frá síðustu skráningu Bygðasafns Skagfirðinga virðist hún hafa látið nokkuð á sjá og eru veggir hennar hlaupnir í þúfur. Tóftin er að öllum líkindum tvískipt en þó sést aðeins eitt greinilegt hólf og óljós kantur eða hluti af innanmáli hólfs. Hólfid er 3.5 x 1.5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Kanturinn er sunnan við hólf I og er 4 m langur. Hann snýr suðvestur-norðaustur en beygir lítillaga beggja vegna til norðvesturs. Tóftin virðist torflaðin og ekki sjást nein ummerki um grjóthleðslur. Veggir hennar eru fremur breiðir, eða 2,5-3,5 m. Þeir eru 0.3-0.5 m á hæð. Tóftin er mjög sokkin og þýfð og líklega búin að týna upphaflegu útliti sínu í gróður og þýfi.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bsk 2004, 81

Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2. Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.



#### 4. Fornleifaskrá

##### ÁR-485 Torfastaðir

1397: Kirkju á Torfastöðum er getið í Vilchinsmáldaga, DI IV, 92-93.

1448: Jón Oddsson seljandi Syðra Háls gefur út bréf á Torfastöðum 26.5.1448 - DI IV, 716.

1686-1695: 20 hdr. The Old Icelandic Land Registers, 116.

1706. "Skógarítak í stólsjarðarinnar Ásgarðs landi fyrir austan Álftavatn, er átölulaust hefur hingað til brúkað verið, sem nú er kallað Torfastaðar torfa og nægjast kann til árlegs eldiviðar. Móskurður til eldiviðar vide Stóraháls. Silúngaveiði hefur til forna verið, en nú mjög lítil. Berjalestur ut supra um Tungu. Jörðinni fylgdu vatnshólmar, er fyrrum hafa verið að nokkru gangi til eggjatekju, en nú orðin mjög gagnlítill. Engjunum grandar sandságangur að framanverðu, en fjallaskriður að ofan." JÁM II, 389.


1839: "heyskapur mikill, en votur, beitarþröngt." SSÁ, 182.

1847: 38 2/3 hdr, óþ. Skálholtsstólseign. JJ, 74

1918: Tún á báðum bæjum 5,1 ha, garðar 1859 m<sup>2</sup>. Túnakort 1918. Tunguá liggur meðfram jörðinni að norðan. Torfastaðir II eiga hálfan Arnarhólmann í Álftavatni. SB III, 271-272.

"Torfastaðaland neðan fjalls má heita allt gróið land. Mest mýrlendi, þá valllendi og lyngmóar, vaxnir krækiberjalyngi og nokkuð beytilyng. Ekki er skógargróður neinn í landareigninni, en lítills háttar gráviðir með Ingólfsfjalli fremst og á Tanganum norður við Sog. Þar er líka gulvíðir lítills háttar og austan við Markhamar." Ö-Torfastaðir a, 7. Á Torfastöðum I var mest sléttað um 1957. Tvíbýli.





Mynd 3. Yfirlitskort sem sýnir uppmældar fornleifar innan úttektarsvæðisins.

ÁR-485:033 tóft útihús

A: 402782 N: 393911




Mynd 4. Tóft ÁR-485:033, horft til suðurs.

Sunnarlega á Vatnsholti, rúmum 920 m austan við bæ 001 og 110 m vestan við Álftavatn eru ummerki um tóft. Tóftin er tæpum 110 m norðaustan við rétt 034\_05 og tæpum 160 m norðaustan við skálalaga tóft 034\_01.

Tóftin er á nokkuð flötu holti þar sem vex vallendisgróður. Holtið var ræktað upp eftir 1950 og nýtt sem tún. Tóftin er 8,5 x 6 m að stærð og snýr nokkurn veginn norður-suður. Hún er

einföld og innanmál hennar er 6x3 m. Veggir eru útflattir, 1,5-2 m á breidd og aðeins 0,1 m á hæð. Ekki sést hlaðinn veggur á suðurgafli og kann þar að hafa verið timburþil. Einnig kemur vel til greina að veggurinn sé einfaldlega ekki lengur greinanlegur. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en þó má ætla að hún hafi verið í tengslum við býli 034 og sé einhverskonar útihús. Tóftin er innan byggingarreits fyrir áætlaða frístundabyggð og er því í stórhættu vegna framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 5. Uppmæling af tóft ÁR-485:033

ÁR-485:034\_01 tóft býli

A: 402695 N: 393764




Mynd 6. Skálalaga tóft ÁR-485:034\_01, horft til suðvesturs

Syðst á Vatnsholti, rúmum 820 m austan við bæ 001 og tæpum 70 m SSV við tóft 033 er minjastaður sem samanstendur af fimm fornleifum; þremur tóftum 01, 02 og 05, mannvirki 03 og meintum túngarði 04. Minjasvæðið er 115 x 105 m að stærð og snýr vestur-austur. Tæpum 70 m vestan við 01, utan skipulagssvæðisins eru líklega þrjár aðrar skálalaga tóftir sem tilheyra sama minjastað. Þær tóftir eru á hringlaga þurrlandi í

mýrinni. Staðsetning minjanna og útlit þeirra minna á fornt bæjarstæði en stærsta tóftin er greinilega skálalaga. Heimildamaður, Jensína S. Steingrímsdóttir, kannaðist ekki við tóftir á þessu svæði og hefur ekki heyrt til þess að þarna hafi verið býli. Tóftirnar eru syðst á nokkuð flötu holti þar sem vex vallendisgróður. Holtið var ræktað upp eftir 1950 og nýtt sem tún. Skálatóft 01 og tóft 05 eru á þýfðum bakka og frá honum hallar til vesturs niður í lækjarfarveg. Tóft 02 og mannvirki 03 eru sunnar á svæðinu og þar hallar bakkinn niður að mýrinni til suðurs.

Lýsingin hefst á skálalaga tóft 01. Tóftin er suðvestast á minjasvæðinu og er 25x10 m að stærð. Hún snýr suðvestur-norðaustur og er tvískipt. Veggir eru 2-3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Stærri hólfið er í norðausturhluta tóftarinnar og er 13x3 m að innanmáli. Op er á þessu hólfi á suðausturhlið. Minna hólfið er í suðvesturenda tóftarinnar, við bakkabrúnina. Það er 3x3 m að innanmáli og fremur hringlaga. Ekki sést op inn í það eða á milli hólfa. Suðvesturendi tóftarinnar er fremur þýfður og mun óljósari en norðausturhluti hennar. Tóftin virðist vera að mestu torfhláðin en þó sést í nokkra steina í röð í suðausturhlið hennar sem gætu verið í vegg eða hrun úr vegg. Útlit og staðsetning tóftarinnar og annarra minja á svæðinu benda til þess að um sé að ræða fornt bæjarstæði,



Mynd 7. Uppmælingar af minjastað ÁR-485:034 (garðlag 034\_04 er sýnt á mynd 3 og rétt 034\_05 er á sér mynd).

líklega frá víkingaöld. Tóftin er innan byggingarreits fyrir áætlaða frístundabyggð og er því í stórhættu vegna framkvæmda. Auk þess er hún í stórhættu vegna rofs en suðvesturendi hennar er í rofabarði við jaðar holtsins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

ÁR-485:034\_02 tóft útihús



Mynd 8. Tóft ÁR-485:034\_02, horft til austurs

Þessa mannvirkis er óþekkt en líklega er það í tengslum við skálalaga tóft 01, hugsanlega einhverskonar útihús eða skemma. Tóftin er innan byggingarreits fyrir áætlaða frístundabyggð og er því í stórhættu vegna framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-485:034\_03 tóft útihús



Mynd 9. Hleðsla og dæld ÁR-485:034\_03, horft til austurs.

A: 402713 N: 393770

Tóft 02 er 5 m austan við tóft 01. Hún er mjög óljós og veggir eru vel sokknir og víða nánast horfnir. Hún er 7x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir eru 1-2 m á breidd en aðeins 0,1 m á hæð. Innanmálið er frekar óljóst en líklega er tóftin einföld. Innanmál hennar er 4x3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Op er í tóftinni á NNV vegg. Hrun er í innanverðri tóftinni úr vegg norðaustan við op. Hlutverk

A: 402716 N: 393776

Mannvirki 03 er fast austan við tóft 02 og samanstendur af hleðslu og dæld. Mannvirkið er 6,5 x 6m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðsla er í norðvesturhluta mannvirkisins. Hún er 6 m löng en aðeins 0,1 m að hæð og 1 m að breidd. Fast suðaustan við hana er dæld sem er 0,1 m á dýpt og snýr norðvestur-suðaustur. Dældin er 4x3 m að innanmáli. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en

líklega er það í tengslum við skálalaga tóft 01, hugsanlega einhverskonar útihús eða skemma. Mannvirkið er innan byggingarreits fyrir áætlaða frístundabyggð og er því í stórhættu vegna framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**ÁR-485:034\_04** heimild um túngarð

A: 402758 N: 393852

Meintur túngarður 04 er 85 m norðaustan við tóftir 01-03. Hann sást ekki á vettvangi en bogadreginn hryggur sést vel á loftmynd af svæðinu. Hlutinn sem sést á loftmyndinni er 90 m langur og liggur nokkurn veginn vestur-austur en í austurenda beygir hann lítillega til suðausturs. Túngarðurinn er innan byggingarreits fyrir áætlaða frístundabyggð og er því í stórhættu vegna framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**ÁR-485:034\_05** tóft rétt

A: 402682 N: 402682



Mynd 10. Rétt ÁR-485:034\_05, horft til norðurs.


Tóft 05 er norðvestast á minjasvæðinu og er upp við þýfðan bakka. Af bakkanum hallar niður að lækjarfarvegi til vesturs. Tóftin er 38 x 23 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru 2,5-3,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Aðeins sést kantur á vesturhlið hennar og hugsanlega hefur verið opinn í hana í norðvesturhorni. Tóftin er þrískipt. Stærsta hólfið er

21x15 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðausturhorni hennar er lítið hólfið sem er 5x4 að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Tóftin mjókkar í suðurenda, þar er mjög þýft og óljóst svæði þar sem þriðja hólfið virðist vera. Það er 3,5x2 að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást nein ummerki um grjóthleðslur í tóftinni. Tóftin er torfhlaðin og veggir hennar eru mjög signir. Tóftin er innan byggingarreits fyrir áætlaða frístundabyggð og er því í stórhættu vegna framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 11. Hólf í norðausturhorni tóftar, horft til austurs (vinstri). Mynd 12. Hólf í suðurenda tóftar, horft til suðvesturs (hægri).




Mynd 13. Uppmæling af rétt 034\_05

## 5. Niðurstöður og samantekt

Alls fundust sex fornleifar á þremur minjastöðum innan úttektarsvæðis í landi Torfastaða og eru allar fornleifarnar syðst á Vatnsholti við Álftavatn. Fyrrum ábúendur jarðarinnar þekkja ekki til tófta á Vatnsholtinu og ekki er minnst á neinar tóftir á svæðinu í heimildum. Timburrétt var á Vatnsholti í kringum 1970 og var hún seinna rifin niður og skildi ekki eftir sig nein ummerki. Engar fornleifar fundust á norðurhluta svæðisins þar sem er nánast eingöngu framræst mýrlendi.

Fornleifarnar á Vatnsholtinu eru allar mjög fornlegar, veggir í tóftum eru útflattir og standa varla nema 10-20 cm upp úr jörðu. Tóft 034\_01 er skálalaga og bendir það til þess að hún tengist fornu bæjarstæði. Aðrar tóftir sem skráðar voru á svæðinu eru líklega einhverskonar minni útihús frá því býli. Meintur túngarður 034\_04 afmarkað tún býlisins og eru allar minjarnar innan túngarðsins fyrir utan 033 sem er 60 m norðvestan við hann. Utan úttektarsvæðisins, á hringlaga, þýfðri hæð í framræstri mýrinni VSV við

áðurnefndar tóftir sjást ummerki um þrjár aðrar skálalaga tóftir sem hljóta að tengjast þessu forna bæjarstæði (sjá mynd 14). Þessar tóftir voru ekki kannaðar á vettvangi, enda utan úttektarsvæðisins, en þær sjást ágætlega á loftmyndum. Það er afar líkegt að allar þessar tóftir tilheyri sama forna bæjarstæðinu. Ekki er



Mynd 14. Kort sem sýnir allar skráðar tóftir innan úttektarsvæðis auk þeirra þriggja sem eru utan úttektarsvæðis.

hægt að slá því föstu að tóft 034\_01 sé sjálf býlistóftin og getur hver þeirra þriggja skálalaga tófta sem eru utan úttektarsvæðis, hafa gegnt því hlutverki.

Þegar fornleifar í landi Torfastaða voru aðalskráðar árið 1998 var fjallað ýtarlega um byggðarsögu svæðisins. Torfastaða er fyrst getið í heimildum árið 1397 í Vilchinsmáldaga, þar sem nefnt er að þar hafi verið kirkja.<sup>1</sup> Gefur það sterka vísbendingu um að Torfastaðir hafi byggst snemma að kirkja var á jörðinni til forna. Í samantektinni um byggðasögu svæðisins kemur fram fram að Bíldsfell og Torfastaðir hafi verið bestu jarðirnar á svæðinu og dýrast metnar en á báðum stöðum voru kirkjur á miðöldum. Þetta bendi til þess að á þessum jörðum sé ummerkja um elstu byggð í Grafningi að vænta.<sup>2</sup> Nýfundnið bæjarstæði á Vatnsholti er greinilega allfornt og byggingarlaginu að dæma Þær tilheyrir það sannarlega fornbyli sem virðist vera frá víkingaöld. Bæjarstæðið gæti gefið til kynna að þéttbýlla hafi verið á svæðinu á öldum áður en síðar varð, en ekki er heldur útilokað að eldra bæjarstæði Torfastaða hafi upphaflega verið á þessum stað og að það hafi seinna verið fært til vesturs. Hvort sem um er að ræða lögbýli, sjálfstætt býli, kotbýli eða landnámsbýli þá eru það eru alltaf talsverð tíðindi þegar áður óþekkt bæjarstæði frá fornri tíð finnast, ekki síst á þéttbýlum svæðum þar sem miklar breytingar hafa orðið á landsháttum með framræslu, túnræktun og byggingaframkvæmdum. Á Vatnsholtinu og í nágrenni þess hefur verið gott undir bú, miklar slægjur í mýrlendi allt í kring, rennandi vatn og veiði í Álftavatni. Sunnan við býlið lá alfaraleið yfir Álftavatn um Vaðeyrina 014 og er þess vaðs meðal annars getið í Sturlungu.<sup>3</sup> Býlið hefur því verið vel í sveit sett. Ekkert er vitað um ástæður þess að búsetu var hætt á þessum stað. Frekar upplýsingar um minjar á Torfastöðum og aðrar minjar í Grafningi er að sjá í skýrslu FS069-98181.<sup>4</sup>

Allar fornleifar sem fundust innan úttektarsvæðisins voru skilgreindar í stórhættu vegna þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru innan þess. Eins og kom fram í kafla 3 hér á undan eru allar fornleifar með 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum þeirra. Fornleifarnar og helgunarmörk þeirra lenda innan þriggja byggingareita sem

---

<sup>1</sup> DI IV, 92-93.


<sup>2</sup> Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1998), 13.

<sup>3</sup> Sunnlenskar byggðir III, 254.

<sup>4</sup> Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1998), 124.



fyrirhugaðir eru á sunnanverðu Vatnsholti og því er ljóst þeim verður raskað ef ekki verða gerðar breytingar á skipulagi munu (sjá mynd 15). Fornleifarnar á svæðinu tilheyra að líkindum allar áður óþekktu, fornu býli og hafa mjög mikið rannsóknar- og verndargildi. Það er álit skýrsluhöfundar að best væri að breyta skipulagi þannig að engir byggingarreitir næðu inn fyrir túnmörk býlisins eða inn fyrir helgunarsvæði þeirra minja sem eru utan túns. Minjastofnun Íslands mun úrskurða um það hvort skipulagsáform geta staðið óbreytt og þá með hvaða skilyrðum og mótvægisáðgerðum. Hafa ber í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við jarðrask innan úttekarsvæðis og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn.



Mynd 15. Skráðar fornleifar og helgunarsvæði þeirra. Ekki er hægt að byggja á þremur byggingareitum án þess að raska fornleifum.

## Heimildir

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund: Gleerup.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI* (1853-1976). Kaupmannahöfn og Reykjavík.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Árnessýsla*. II bindi. Kaupmannahöfn, 1918-1921.

**JJ:** Johnsen. J (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn; J. Johnsen.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1998). *Fornleifar í Grafningi. Nesjar, hagavík, Krókur, Villingavatn, Bíldsfell, Tunga, Hlíð, Stóri-Háls, Litli-Háls og Torfastaðir*. FS069-98181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

**SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfán Jónsson* (1979). Reykjavík: Sögufélagið.

**SB III:** *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur* (1983). III. bindi. [Án útgáfustaðar]: Búnaðarsamband Suðurlands.

**Túnakort 1918:** Túnakort Torfastaða (1918). Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Torfastaðir a:** Örnefnalýsing Torfastaða (1950). Skrásetjari Sigurður Jónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## Heimildamaður

Jensína S. Steingrimsdóttir, fædd 2. nóv 1962

# Viðauki I: Minjakort

